



**Eyjólfur Einarsson.**  
Dagur og nótt. Eign listamannsins.

flæði og minningin um lýðveldisstofnunina á Þingvöllum 17. júní 1944, sem var mikill rigningardagur.

Vatnslitirnir eru nú orðnir hluti af meginstraumi myndlistarinnar í landinu. Til dæmis hefur Hlíf Ásgrímsdóttir skorið upp herör gegn viðteknum hugmyndum um eðlisþætti vatnslitanna: innbyggðan innileika og ljóðrænu þeirra, sem gerðu þá illa til stækkunar fallna. Með því að nú fást stærri pappírsarkir en nokkru sinni fyrr hefur Hlíf fengist við gerð feiknstórra vatnslitamynda, upp undir 2 metra á breidd, þar sem hún „afbyggir“ sitt nánasta umhverfi og skeytir það saman á nýjan leik með frjálsum hætti. Við þetta vegur myndefnið salt á mörkum hins hlutlæga og hins huglæga ... Harpa Árnadóttir malar stórar myndir á striga með vatnslitum, og eykur við þá með öðrum lífrænum litarefnum. Í næstum einlita myndum hennar á sér stað ákveðin viðræða við náttúruna, einkum og sér í lagi ófniðskennnd fyrirbæri á borð við þoku, vind og birtu, en í þessum myndum, rétt eins og í myndum margra andlega sinnaðra listmálara frá Malevich til Rothko, leynast einnig efasemdir um ágæti efnisheims og efnishyggju. Vatnslitir leika einnig veigamikil hlutverk í hugmyndafræði Huldu Stefánsdóttur, en koma sjaldan fyrir einir og sér, heldur eru þeir hluti af ýmiss konar vatns- og olíublönduðum litarefnum sem hún notar til sköpunar á innsetningum. Í þessum innsetningum, sem stundum innihalda tugi mynda, á sér stað margskonar samspil og víxlverkun litatóna, aðallega í gráskala og hvítum skala, og áferðar undirstöðunnar (strigi, vatnslitapappír, víður, ál, MDF, ljósmyndapappír, o.fl.), svo og milli myndeinginganna innbyrðis, svo ekki sé minnst á sjálfa veggina þar sem einingarnar eru staðsettar. Ófugt við Hörpu á Hulda ekkert vantalað hvorki við náttúru né yfirnáttúru; hárfín verk hennar eru fagurfræðilegar og félagslegrar gerðar, snúast um beina og milliliðalausa skynjun okkar á núinu, málverkið í núinu og hlutverk listamannsins í núinu.“



**Ásgrímur Jónsson (1876-1958).**  
Kvöld við Skerjafjörð, 1950. Listasafn Íslands.



**Karólína Lárusdóttir.** Lýsis-skömmtum, 2008. Gallerí List.



**Helgi Þorgíls Friðjónsson.** Gosbrunnur, 2008. Eign listamannsins.



**Gunnlaugur Blöndal (1893-1962).** Frá Barcelona, 1954. Einka eign.